

Sigurður Baldursson
Sléttu
731 Reyðarfirði
sent í tölvupósti til turidurlilly@gmail.com

Neskaupstað 29. mars 2021

Efni: Umsögn vegna fyrirhugaðra bakkavarna í Sléttuá í Reyðarfirði

Þann 22. mars 2021 óskaði Sigurður Baldursson á Sléttu eftir umsögn Náttúrustofu Austurlands á mögulegum áhrifum á lífríki í Sléttuá vegna áætlaðra bakkavarna. Markmið framkvæmdarinnar er að verja heimatún sem áin brýtur á (1. mynd). Tekinn er flái inn í bakkann með gröfum og stórgrýti sett í hann á um um 80 m löngum kafla. Sambærilegar varnir hafa verið gerðar nokkru neðar með góðum árangri (Sigurður Baldursson, munnleg heimild, þann 29. mars 2021).

Sléttuá er samkvæmt vitgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á á eldri berggrunni landsins án votlendisáhrifa og hafa slíkar ár lágt verndargildi¹. Nokkuð ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á seiðapéttleika og botnlægum hryggleysingjum og þörungum í vatnakerfi Sléttuár^{2,3,4}. Samkvæmt fyrirbyggjandi rannsóknum þá er bleikja ráðandi fisktegund í vatnakerfinu og er péttleiki seiða almennt lítill. Péttleikinn er meiri eftir því sem ofar dregur og hefur verið mestur í Fagradalsá^{3,4}. Uppeldisskilyrði seiða virðast vera hentugri eftir því sem ofar dregur. Mól er ríkjandi neðar í ánni en smágrýti eykst eftir því sem ofar dregur. Seiðapéttleiki hefur verið metinn þrisvar sinnum á svipuðum stað og fyrirhugaðar bakkavarnir eru áformaðar árin 2000, 2017 og 2018. Niðurstöðurnar sýndu að péttleiki seiða var minni árin 2017² og 2018³ miðað við árið 2000⁴. Ekki eru seld veiðileyfi í vatnakerfi Sléttuár.



1. mynd. Séð í bakka við Sléttuá sem á að verja með grjóti (Ljósm. Þuríður Lilly Sigurðardóttir).

Þær rannsóknir sem hafa farið fram á botnlægum hryggleysingjum og þörungum sýna að péttleiki þeirra var svipaður og í öðrum dragám á eldri berggrunni landsins^{2,4}. Sama á við um tegundasamsetningu hryggleysingja en hún er sambærileg og í öðrum dragám á eldri berggrunni landsins og er ekki sérstæð á landsvísu. Viðkomandi bleikjustofn, sem og annað botndýralíf, er þó mikilvægt fyrir svæðið í heild sinni, ekki síst til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika svæðisins en í annarri grein náttúruverndarlaga (lög nr. 60/2013) er fjallað um að „varðveita skuli tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum“.

Ekki er talið að áhrif fyrirhugaðrar bakkavarnar eins og þeim hefur verið lýst hafi neikvæð áhrif á fiskistofna Sléttuár eða annað lífríki í ánni. Áhrifin verða mest á meðan framkvæmdum stendur. Við framkvæmdina þarf að gæta þess að ganga vel frá stórgrýti og passa að sem minnst rask verði í árfarveginum og að laust efni verði ekki skilið eftir sem gæti skolast í ána í vatnavöxtum og valdið óþarfa skaða á lífríki árinna.

Virðingarfyllst, f.h. Náttúrustofu Austurlands,

Kolin E. Johannsdóttir

Erlín Emma Jóhannsdóttir
Vatnalíffræðingur

-
- ¹ Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstjórar) (2016). *Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 54*. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.
- ² Leo Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). *Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum*. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun.
- ³ Erlín Emma Jóhannsdóttir (2018). *Útbreiðsla og þéttleiki seiða í vatnakerfi Sléttuár*. Unnið fyrir Sigurð Baldursson á Sléttu. Neskaupstaður: Náttúrustofa Austurlands.
- ⁴ Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson (2000). *Rannsóknir á lífríki áa í Reyðarfirði*. Reykjavík: Veiðimálastofnun.